ÍSLENSK VERÐBRÉF

Reglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og bestu framkvæmd

1 Tilgangur og markmið

Með reglum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og bestu framkvæmd leitast Íslensk verðbréf hf. („**ÍV**“ eða „**félagið**“) við að leita allra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína við móttöku og miðlun fyrirmæla og eignastýringu.

Félagið skal leitast við að upplýsa viðskiptavini sína um efni stefnunnar og afla samþykkis þeirra á stefnunni í upphafi viðskiptasambands, tímanlega áður en fyrirmæli eru móttekin og miðlað til þriðja aðila.

2 Réttarheimildir

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og í samræmi við 5. þátt framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun. Reglur þeirrar tilskipunar og laga nr. 115/2021 gilda um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og bestu framkvæmd eftir því sem við getur átt og koma stefnu þessari til fyllingar.

3 Gildissvið

Reglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og bestu framkvæmd gildir um viðskipti með fjármálagerninga, þegar ÍV móttekur fyrirmæli (pantanir) fyrir hönd sjóða í stýringu félagsins eða á grundvelli eignastýringar sem félagið hefur með höndum fyrir aðra eða miðlar fyrirmælum um slík viðskipti til þriðja aðila. ÍV er ekki markaðsaðili sem á aðild að skipulegum markaði í skilningi laga nr. 115/2021. Viðskiptafyrirmæli eru því framkvæmd af þriðja aðila, þ.e. fjármálafyrirtækjum, með starfsleyfi fyrir fjárfestingaþjónustu og fjárfestingastarfsemi.

Með viðskiptavini í stefnunni er átt við sjóði í stýringu félagsins sem og sérhverja þá aðila sem félagið kemur að viðskiptum fyrir, hvort sem er almenna fjárfesta eða fagfjárfesta. Stefnan gildir aðeins um viðurkennda gagnaðila hafi þeir sérstaklega óskað eftir því, sbr. 55. gr. laga nr. 115/2021.

4 Stefnuyfirlýsing

Með reglum um bestu framkvæmd tilgreinir ÍV hvernig félagið muni leitast við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini félagsins við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og eignastýringu, þá sérstaklega með tilliti til verðs, kostnaðar, árangurs, fagmennsku og líkinda þess af viðskiptum verði. ÍV gætir þess að viðskiptafyrirmæli séu skráð og þeim sé úthlutað án allra tafa.

ÍV ákvarðar hlutfallslegt vægi einstakra þátta viðskiptafyrirmæla á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, s.s. markmiðs, fjárfestingarstefnu og áhættuþols viðskiptavinar, eðli fyrirmælanna og þeirra fjármálagerninga sem fyrirmælin varða og sérkennum markaða sem fyrirmælum er miðlað til. Ákvarðanir skulu byggja á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla en verð og kostnaður vegur jafnan þyngst þegar leitað er að bestu mögulegu niðurstöðu.

Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans. ÍV upplýsir viðskiptavini um að með því að mæla fyrir um sérstaka framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru líkur á að besta mögulega niðurstaða náist ekki. Að því marki sem viðskiptavinur mælir fyrir um sérstaka framkvæmd fyrirmæla að takmörkuðu leyti mun félagið fylgja þessari stefnu að öðru leyti.

5 Framkvæmd miðlunar fyrirmæla til þriðja aðila

ÍV felur fjármálafyrirtækjum, með starfsleyfi fyrir fjárfestingaþjónustu og fjárfestingastarfsemi, að annast framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir félagið og viðskiptavini þess, þegar um er að ræða viðskipti með fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulega markaði eða markaðstorg fjármálagerninga. Áður en stofnað er til viðskiptasambands við fjármálafyrirtæki er gengið úr skugga um að viðkomandi hafi sett sér stefnu og reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem tryggir að gætt sé að hagsmunum viðskiptavina félagsins í samræmi við reglur félagins.

ÍV kappkostar að velja þriðja aðila á þann hátt að hagsmuna viðskiptavina verði gætt. Í viðauka eru tilgreindir þeir þriðju aðilar sem ÍV miðlar fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til.

Miðla má viðskiptafyrirmælum til aðila sem notast við eina eða fleiri tegundir eftirfarandi viðskiptastaði (markaði):

- Skipulega markaði eða markaðstorg fjármálagerninga innan EES-svæðisins.
- Skipulegt markaðstorg (OTF).
- Innmiðlara.
- Eigin reikning.
- Fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, miðlara og tengda aðila í hlutverki viðskiptavaka eða aðra söluaðila fjármálagerninga.
- Aðila utan EES-svæðisins sem hafa með höndum sams konar starfsemi.

ÍV mun leggja mat á hvaða viðskiptastaði notast skal við til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir viðskiptavin hverju sinni.

Heimilt er að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra markaða eða markaðstorga fjármálagerninga, enda þjóni það hagsmunum viðskiptavina og það sé í samræmi við fyrirfram skilgreinda fjárfestingastefnu eða að fengnu samþykki viðskiptavinar. Leitast skal við að kanna sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavininn með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð slíkra afurða, og þegar unnt er, gera samanburð við svipaðar eða sambærilegar afurðir. Verðbréfafyrirtæki skal afla fyrir fram sérstaks samþykkis viðskiptavina áður en fyrirmæli þeirra eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Samþykkið getur verið annaðhvort almennt eða að því er varðar einstök viðskipti.

6 Eftirlit og endurskoðun

ÍV mun hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni þessara reglna og mun reglulega endurmeta val á þriðju aðilum sem fyrirmælum um framkvæmd viðskipta er miðlað til. Regluvörður skal hafa eftirlit með framkvæmd stefnunnar, greina annmarka og fylgja úrbótum eftir.

Félagið mun afla upplýsinga frá þriðju aðilum, sem framkvæma fyrirmæli að beiðni þess, í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina félagsins sé í samræmi við stefnu þessa.

Félagið skal geta sýnt fram á að fyrirmæli viðskiptavina hafi verið framkvæmd í samræmi við stefnu þessa. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu mun félagið skrá niður og/eða geyma á tölvutæku formi allar upplýsingar um móttöku og miðlun viðskiptafyrirmæla og framkvæmd viðskiptafyrirmæla hjá þriðja aðila.

Stefnan skal endurskoðuð árlega, eða oftar eftir þörfum, og nýjasta útfærsla gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins.

7 Breytingar og gildistaka

Reglur þessar taka þegar gildi. Breytingar á stefnu þessari verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

7.1 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	Nýjar reglur

7.2 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Framkvæmdastjóri	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:	Framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Skjalið fjallar ekki um stefnu einstakra málefna.		
Gildissvið:	Stefnan nær til ÍV, þ.m.t. stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra, innri nefnda, stjórnenda, starfsmanna og þriðju aðila þegar sinna hlutverkum eða verkefnum í þágu félagsins.		
Yfirskjal:	Samþykktir félagsins		
Eigandi:	Framkvæmdastjóri		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.

Viðauki

Listi yfir viðskiptastaði sem einkum skal notast við vegna skráðra fjármálagerninga:

Tegund fjármálagernings	Markaðssvæði	Viðskiptastaður
Hlutabréf	Evrópska efnahagssvæðið Bandaríkin	Nasdaq Iceland, First North Iceland, Nasdaq Nordic, Oslo Börs, NYSE, NASDAQ Europe
Skuldabréf	Evrópska efnahagssvæðið Bandaríkin	Nasdaq Iceland, First North Iceland, Nasdaq Nordic, Oslo Börs, NYSE, NASDAQ Europe
Hlutdeildarskírteini	Evrópska efnahagssvæðið	Söluaðilar viðkomandi sjóða
Afleiður	Ísland	Innlend fjármálafyrirtæki
Peningamarkaðsgerningar	Ísland	Innlend fjármálafyrirtæki

Listi yfir aðila sem starfsmenn ÍV mega miðla viðskiptafyrirmælum til, að því er varðar sérhvern flokk gerninga:

Aðili	Tegund fjármálagernings
Íslandsbanki hf.	Hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl
Arion banki hf.	Hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl
Landsbankinn hf.	Hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl
Kvika banki hf.	Hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl
Acro verðbréf hf.	Hlutabréf, skuldabréf, peningamarkaðsskjöl
Fossar fjárfestingabanki hf.	Hlutabréf, skuldabréf, peningamarkaðsskjöl, afleiður, hlutdeildarskírteini
Arctica finance hf.	Hlutabréf, skuldabréf, peningamarkaðsskjöl